

Nd.

754. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skipulag kaupúna og sjávarþorpa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur í frumvarpi þessu felast nauðsynjamál, er leysa þurfi jafnskjótt sem fõng er á. En sakir anna hefir nefndinni eigi unnist timi til at-hugunar á málinu, svo rækilegrar sem skyldi. Málið er bæði verkfræðilegt, heilbrigðismál og byggingafræði. Væntir nefndin þess, að stjórnin undirbúi málið í samráði við höfund frv., prófessor Guðmund Hannesson, sem mun allra manna fróðastur í þessum efnun og hefir mjög lofsverðan áhuga á þeim,

og aðra þá, er hún má til ná. Með þessum athugasemdum leggur nefndin til,
að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 1. sept. 1917.

Einar Arnórsson,
formaður og framsögum.

Magnús Guðmundsson,
skritari.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.